



Kennsluhugmyndir

1. Að vinna með sögur af huldufólki og álfum. Hægt er að nálgast þjóðsögur á netinu og einnig í þjóðsagnasöfnum.
2. Að finna nýlegar frásagnir af álfum. Að skoða fréttir og viðtöl við fólk sem trúir á tilurð álfa og hefur reynslu af samskiptum við huldufólk.
3. Að skrifa sögu sem fjallar um álfa og huldufólk. Bæði má hugsa sér að skrifa í þjóðsagnastíl en einnig nútímasögu um álfa.
4. Að vinna með hluti tengdum álfheimum. Til eru gripir sem fólk heldur fram að séu úr álfheimum. Það eru nokkrir slíkir gripir til sýnis á Þjóðminjasafni Íslands. Athugið hvort þið getið fundið upplýsingar um slíka gripi.
5. Að vinna á myndrænan hátt með orð og setningar úr bókinni (sjá samantekt á öðru skjali).
6. Að vinna með kynjaskepnur og skrímsli (sjá samantekt á öðru skjali).
7. Að skoða uppruna sagna um jólasveinana, Grýlu og Leppalúða. Að finna nöfn á eins mörgum Grýlubörnum og hægt er.
8. Til eru margar frásagnir um álfakrossgötur um áramót. Finnið dæmi um eina slíka.